

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð
nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja.

1. gr.

Á eftir 1. málslíð í 11. gr. kemur nýr málslíður sem orðist svo:













Takmörkun getur náð eingöngu til leyfilegs áspunga, leyfilegrar heildarþyngdar eða hvort tveggja, leyfilegs áspunga og heildarþyngdar.





Núverandi 2. málslíður verður ný málsgrein, 2. málsgrein 11. gr.

2. gr.

Í stað VI. viðauka, þungatakmarkanir, komi nýr VI. viðauki sem hljóðar svo:

Á vegum þar sem takmarka verður leyfðan áspunga vegna aurbleytu eða af öðrum ástæðum við 2, 5, 7 eða 10 tonn gilda eftirfarandi reglur um mesta leyfðan ás- og heildarþunga:

	Ásar	Burðarflokkar			
					
		10 tonn	7 tonn	5 tonn	2 tonn
Ás með tveimur hjólum		7	5 ^{*1)}	3	2
Ás með fjórum hjólum		10	7	5	2
Tvíás með fjórum hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		11	7	5	2
Tvíás með sexhjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		13,5	9	6,5	2
Tvíás með átta hjólum Bil milli ása 1,3 - 1,8		16	11	8	2
Þríás með sex hjólum Bil milli ása 1,3-1,4		16	11 ^{*2)}	8 ^{*2)}	2
Þríás með tíu hjólum Bil milli ása 1,3-1,4		20	13,5 ^{*2)}	10 ^{*2)}	2
Þríás með tólf hjólum Bil milli ása 1,3-1,4		22	15 ^{*2)}	11 ^{*2)}	2

Takmörkun á heildarþunga samtengdra ökutækja eftir burðarflokkum þegar heildarþungi er einnig takmarkaður.				
--	---	--	---	---

*1) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 22,5. Fyrir minni hjólbarða er leyfður 4ra t áspungi. Fyrir hjólbarðastærð 365/65R22,5 með 7,5 bör eða 109 psi loftþrýsting er leyfður 6 t áspungi.

*2) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100 x 22,5. Fyrir minni hjólbarða reiknast þríás með sex hjólum sem tvíás með fjórum hjólum. Þríás með tólf hjólum reiknast sem tvíás með átta hjólum.

*3) a) Heildarþungi 44 tonn fyrir sex ása vagnlest sé dráttarþreifð búið 2 sívirkum drifásum, hafi 4 hjól og loftfjaðrir á öllum ásum nema framás.

b) Loftþrýstingur í hjólbarða sé takmarkaður að hámarki við 7 bör eða 102 psi í hjólbörðum framása (eða 7,5 bör eða 109psi sé framás með loftfjöðrun eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbarðastærð að lágmarki 385/65R22,5) og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbarða.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 18. ágúst 2010.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 9. september 2010